

Útboð/verðkönnun á innri endurskoðun:

Hugmyndir hafa komið upp hjá Kópavogsbæ og Hafnarfjarðarbæ að taka upp innri endurskoðun á starfsemi sinni, en innri endurskoðun er skilgreind svo í alþjóðlegum stöðlum IIA:

Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf, sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttanna og stuðlar þannig að því að fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök nái markmiðum sínum. (The Institute of Internal Auditors, 2013, íslensk þýðing útgefin af Félagi um innri endurskoðun, 2013, bls. 1, www.fie.is).

Eftir samráðsfund forráðamanna þessara sveitarfélaga var niðurstaðan sú, að betra væri að bjóða innri endurskoðun út en að ráða starfsmann/-menn til að sinna því, sem og að trúlega væri hægt að ná fram ákveðinu hagræði frá væntanlegum verksala með því að sveitarfélögin byðu sameiginlega út þessa þjónustu.

Því er lagt til að bæjarráð heimili að farið verði í útboð/verðkönnun á þessari þjónustu, sem yrði með fyrirvara um að hafna mætti öllum tilboðum, reynist þau of kostnaðarsöm.

Niðurstöður þessarar verðkönnunar/útboðs og ákvörðun um framhald verði lokið fyrir eða um miðjan september næstkomandi.